

**Nd.**

**605. Breytingartillögur**

[11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá Magnúsi Kjartanssýni og Sigurvin Einarssýni.

1. Við 1. gr.
  - a. Við 58. tölulið. Í stað „Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir“ komi: og Hraunssóknir.
  - b. Á eftir 58. tölulið bætist nýr töluliður:  
Núpur í Dýrafirði: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. Prestssetur: Núpur.
2. Við 6. gr. Síðasti málsli. („Ef þörf krefur ... skv. þessari grein“) falli niður.
3. Við 8. gr. Greinin falli niður.
4. Við 9. gr. Greinin falli niður.
5. Við 10. gr. (er verði 8. gr.). Greinin orðist svo:  
Starfsmenn kirkjunnar taka laun samkv. launakerfi opinberra starfsmanna.
6. Við 15. gr. (er verði 13. gr.). Síðasti málsliður falli niður.
7. Á eftir 15. gr. (er verði 13. gr.) komi ný grein, svo hljóðandi:  
Prestslaun prestaköll skulu auglýst laus til umsóknar að minnsta kosti einu sinni á ári. Nú verður prestakall prestslaust þrátt fyrir auglýsingu, og skal þá fela nágrannapresti að þjóna því, þar til prestur er þar kosinn. Skulu honum greidd hálf prestslaun fyrir þá þjónustu.
8. Við 18. gr. Greinin orðist svo (kaflaskipti og kaflafyrirsögn falli niður):  
Veita skal árlega fé á fjárlögum til safnaða í landinu. Ráðherra ákveður skiptingu fjárins að fengnum tillögum Synodus. Fénu skal varið til hvers konar félagslegrar starfsemi í söfnuðunum, en einnig til innlendrar og alþjóðlegrar hjálpar- og mannúðarstarfsemi.
9. Við 19. gr. Greinin falli niður.
10. Við 20. gr. Greinin falli niður.
11. Við 21. gr. Greinin falli niður.
12. Við 22. gr. Greinin falli niður.
13. Við 23. gr. Greinin falli niður.
14. Við 24. gr. Orðin „svo og 5. gr. laga“ o. s. frv. til enda greinarinnar falli niður
15. Fyrirsögn frumvarpsins verði:  
Frumvarp til laga um skipun prestakalla og prófastsdæma.